

Desember 2015



FIERE

Fréttabréf 4 tbl

FIERE (Furthering Innovative Entrepreneurial Regions of Europe) verkefninu lýkur um áramótin. Í verkefninu hefur verið skoðað hvernig opinberar stofnanir, fyrirtæki, sjálfbóðaliða- og félagasamtök geta eflt nýsköpunarvirgni í starfi sínu og þjónustu

Tilraunakennslu á vinnustofunni "Nýsköpun og samfélagsþróun" er lokið

Samstarfsaðilar frá 6 Evrópulöndum hafa próað **vinnstofur sem ætlað er að efla nýsköpunarvirgni** innan stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka sem koma að þróun svæða og samfélaga. Vinnustofurnar voru skipulagðar í þátttökulöndunum frá júní til nóvember 2015 til að prófa og aðlaga námsskrá og námsefni sem byggði á þremur megin færniþáttum, sköpunarkraftir og

nýsköpun, greinandi hugsun og útsjónarsemi, seiglu og leiðtogahæfni. Alls tóku **362 þátt í FIERE vinnustofunum** í Búlgaríu, Grikklandi, Íslandi, Írlandi, Ítalíu og Portúgal. Niðurstöður námsmats sem lagt var fyrir þátttakendur voru mjög jákvæðar: almenn ánægja var með bæði námsefni og skipulag vinnustofanna og kennsluaðferðir í öllum samstarfslöndunum. Nálgast má handbækur fyrir þátttakendur á tungumálum samstarfslandanna og handbók fyrir leiðbeinendur á ensku á heimasíðu verkefnisins: <http://www.fiereproject.eu/index.php/reports/>.

Lokaráðstefna FIERE um Nýsköpun og frumkvöðlahugsun



Þann 12. nóvember 2015 var lokaráðstefna FIERE **“Public and Community Sectors adapting to change through Innovation & New Ways of Doing Things”** haldin í bænum Cashel, Írlandi. Niðurstöður verkefnisins voru kynntar á ráðstefnunni auk lærdóms af vinnustofunum (**Entrepreneurial & Innovative Skills Training Programme**) sem voru skipulagðar fyrir ólíka markhópa stofnana, fyrirtækja, sjálfboðaliða- og félagasamtaka sem koma að samfélagsþróun. Í seinni hluta ráðstefnunnar voru kynntar til sögunnar nýjar **„Case studies“** sem lýstu því hvernig stofnanir, fyrirtæki og frumkvöðlar geta hrint af stað nýskapandi verkefnum sem hafa jákvæð áhrif á samfélagsþróun. Meðal fyrirlesara voru Senan Cooke sem fjallaði um Dunhill Rural Enterprises og Ecopark í Waterford héraðinu; Seán Keating sem fjallaði um sameiningu Svæðisráða í Tipperary og Mary Fogarty einn stofnanda The Cottage Shop & Tea Room í þorpinu Loughmore í Tipperary. Stefanía Kristinsdóttir kynnti verkefnið „Brothættar byggðir“ sem Byggðastofnun heldur utan um og snýr að samfélögum sem búa við viðvarandi fólksfækkun og samdrátt. Dagskránni í

heild sinni ásamt kynningum fyrirlesara má finna á vefsíðu FIERE:
<http://www.fiereproject.eu/index.php/reports/>.

Eftir að verkefninu lýkur...

Samstarfsaðilar FIERE verkefnisins eru þegar farnir að huga að frekari hagnýtinu á niðurstöðum verkefnisins í sínum áætlunum. Þeir miðla niðurstöðum verkefnisins til **samstarfsaðila og í gegnum samstarfsnet aðila** sem vinna að byggðapróun. Hluti af FIERE verkefninu var að mynda samstarfsnet leiðbeinenda sem vilja nýta niðurstöður verkefnisins í starfi sínu (**FIERE Mentoring Network**) í framtíðinni, þessir aðilar munu halda áfram að byggja á og þróa námsskrá og námsefni verkefnisins til að stuðla að aukinni nýsköpunarvirkni í sínu nærsamfélagi.

Niðurstöður verkefnisins, þar á meðal námsskrá og kennsluefni, verður áfram aðgengilegt á vefsíðu FIERE verkefnisins eftir að verkefninu lýkur:
www.fiereproject.eu.

Fyrir frekari upplýsingar

 www.fiereproject.eu

 [Facebook](#)

 [Twitter](#)

 info@fiereproject.eu

Samstarfsaðilar

TCC - michael.moroney@tipperarycoco.ie

WIT - wogorman@wit.ie

CESIE - dorothea.urban@cesie.org

IPS - todorov_t@unwe.bg

AllWeb S.A. - jhassid@unipi.gr

ACIB - acib@acibarcelos.pt

EINURD - stefania@einurd.is



Lifelong
Learning
Programme

Project n. 540477-LLP-1-2013-1-IE-Grundtvig-GMP

Þetta verkefni er styrkt af Evrópusambandinu. Þetta fréttabréf endurspeglar einungis sjónarmið höfundna og Evrópusambandið ber ekki ábyrgð á því sem hér stendur eða þeim upplýsingum sem stuðst er við.

© 2016 **FIERE**. All rights reserved

You do not want to receive this newsletter? [Click here.](#)